

LÖG

um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (samningar sjúkratryggingastofnunarinnar).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um gerð samninga skv. 2. mgr. í reglugerð. Þar skal kveðið á um tegund og umfang þeirrar heilbrigðisþjónustu sem sjúkratryggingastofnunin semur um, m.a. um heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum í eigu ríkisins.

2. gr.

2. másl. 2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo: Enn fremur koma ákvæði IV. kafla til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2015 að því er varðar samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

3. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2013“ í 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum kemur: 1. janúar 2015.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 2012.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Guðbjartur Hannesson.